

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Matorka	26.10.18	Reit i5, Grindavík	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
500412-0540	14.01.2031	Já	3000 tonn bleikja, lax, regnbogasilungur og borri til manneldis og seiðaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Stöðin var tekin í notkun í maí 2017. Lífmassi framleiðslu 2017 278,3 tonn, afföll 6.6 tonn. Framleiðsla það sem af er ári 2018 406 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar hafa átt sér stað síðan við síðasta eftirlit. Áætlað er að taka 2 nýjar kerjalínur í notkun sumar 2019 og milliseiðaker í nóv 2018. Einnig stendur til að hætta að veita seyru úr tromlusíu aftur inn í frárennsli.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Góðar skráningar í Farmcontrol. Dauðfiskur talinn á blöð og færður vikulega inn.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Barst 27.4.18
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Bárust 18.5.18
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Uppfært áhættumat, viðbragðsáætlun og vöktunaráætlun hafa borist stofnuninni.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Sameiginleg trygging er með stöðinni á Húsatóftum
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið eru til staðar. Einnig er verið að sækja um ASC vottun.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurtölva sér um blástur fódurs í ker byggt á fjölda, fódurstuðli og vaxtakúrvu.
Er skráning á losun fósfora og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Bæði reiknað frá fóðurnotkun og mælt. Mælingar á frárennsli: Skv ársskýrslu 2017: 10 kgP/ tonn. Losunarmörk eru 14 kg P/framleitt tonn. 22.3.18: 1,8 mg N/L og 0,2 mg P/L. 4.9.18 : < 0,5 mg N/L bæði í borholu og frárennsli, 0,1 mg P/L í borholu og 0,2 mg P/L í frárennsli. Viðtaki: Mælt 22.3.18: 1,6 mg N/L og 0,1 mg P/L.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			22.3.18 COD í frárennsli 18 mg/L, svifagnir 11 mg/L 4.9.18 COD í borholu 6 mg/L, í frárennsli 16 mg/L. Svifagnir í borholu 51 mg/L, 32 mg/L í frárennsli. Stórstraumsfjara var við eftirlit, svo sjór náði ekki upp að frárennslisröri. Frárennsli lítur vel út.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.	X			Tromlusíur eru við ker í línun þar sem vatn er hreinsað áður en því er veitt áfram í næsta ker, en seyru er veitt aftur saman við frárennsli.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Leið frárennslis frá keri að viðtaka.				Brunnur er þar sem frárennslis allra kerjalína og milliseiðakerja sameinast og rennur þaðan um 300 metra leið til sjávar þar sem mikið brim og hröð vatnsskipti eru.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).				Losað er í sjó, í um 300 m fjarlægð frá brunni.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			P og N mælt 22.3.2018. COD og svifagnir mældar í borholu og viðtaka 1.3.2018: Svifagnir 59 mg/L í borholu og 107 mg/L í sjó. COD 20 mg/L í borholu og 15 mg/L í sjó
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur er veiddur úr með færeyingi, og safnað saman. Hann er svo talinn ofan í lokað kar og geymdur þar til hann er sóttur af Skinnfiski. Kvittanir eru til staðar. Enginn úrgangur fellur til vegna fódurs, þar sem það er í sílóm.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	X			Í lagi.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Ekki vitað, en þar sem rekstraraðili er að sækja um ASC vottun verður mælt nokkrum sinnum á ári. Mælt af Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að upplýsingar um gangsetningu stöðvarinnar voru ekki sendar eftirlitsaðila og sýni voru ekki tekin skv. gr 3.3 í starfsleyfi, áður en starfsemin hófst. Ein athugasemd er gerð varðandi að áætlanir skv. gr. 1.6, 4.4 og 4.6 í starfsleyfi, var ekki skilað sérstaklega heldur sem hluta af gæðahandbók stöðvarinnar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Samantekt:	<p>Stöðin var tekin í notkun í maí 2017. Enn er verið að byggja við og stækka stöðina og er hún langt frá leyfilegu framleiðslumagni. Milliseiðaker munu taka við seiðum frá Húsatóftastöð i6, og þau alin frekar en þau eru sett í ker í línu. Þrjú ker eru í hverri línu og er vatnið endurnýtt milli kerja. Ítarlegar skráningar eru haldnar. Mælingar og útreikningar á losun efna í umhverfið eru til staðar. Umgengni er góð.</p> <p>Tvö frávík komu fram við eftirlitið er varða að grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust 18.5.18</p> <p>Búið er að bregðast við frávikum seinasta árs, einnig hafa uppfærðar vöktunar- og viðbragðs- og neyðaráætlanir hafa borist stofnuninni.</p>
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka i5 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Matorka i5	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Reitur I5, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fram tvö frávik fram frá starfsleyfi en engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 3.5 í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald	Grænt bókhald með staðfestingu stjórnar fyrirtækis barst ekki fyrir 1. maí. Gögn bárust Umhverfisstofnun 18. maí sl. og frávikinu telst því lokið.

Gr. 3.5 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um ústreymsibókhald	Ústreymsibókhald barst ekki fyrir 1.maí. Gögnin bárust Umhverfisstofnun 18. maí sl. og frávikinu telst því lokið.
---	---

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.11.2018


Hulda Soffía Jónasdóttir